

2013

# Árangursstjórnunarsamningur

Innanríkisráðuneytið og Póst- og fjarskiptastofnun



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



Póst- og fjarskiptastofnun

# SAMNINGUR INNANRÍKISRÁÐUNEYTISINS VIÐ PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN UM ÁRANGURSSTJÓRNUN

## I. TILGANGUR

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur innanríkisráðuneytisins og Póst- og fjarskiptastofnunar við útfærslu á lögbundnu hlutverki stofnunarinnar. Tilgangurinn er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli ráðuneytisins og stofnunarinnar, auk þess að skerpa áherslur um stefnumótun og áætlanagerð og leggja grunn að mati á árangri af starfsemi hennar.

Í lögum um fjarskipti og í lögum um póstpjónustu, ásamt fjarskiptaáætlun, sem samþykkt var á Alþingi fyrir árin 2011-2022, koma fram áherslur sem árangursstjórnunarsamningnum er ætlað að endurspeglar.

Samningurinn breytir í engu ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri stofnunarinnar eða þeim skyldum sem stofnunin hefur samkvæmt lögum. Þá ber stjórnvaldsábyrgð ráðherra með sér að hann getur fellt samninginn úr gildi ef ekki er staðið við ákvæði hans.

## II. HLUTVERK

Póst- og fjarskiptastofnun starfar samkvæmt lögum um stofnunina nr. 69/2003 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Meginhlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja aðgengilega, hagkvæma, örugga og umhverfisvæna fjarskipta- og póstpjónustu fyrir alla landsmenn í upplýsingasamfélagi nútímans.

Póst- og fjarskiptastofnun ber einnig að fylgja stefnum stjórnvalda, s.s. stefnu upplýsingasamfélagsins, stefnu í almannavarna- og öryggismálum og innkaupastefnu ríkisins.

Meginhlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er fjórþætt:

1. Að hafa umsjón með framkvæmd löggjafar um fjarskipta- og póstmál á Íslandi.
2. Að tryggja aðgengilega, hagkvæma, örugga og umhverfisvæna fjarskipta- og póstpjónustu fyrir alla landsmenn.
3. Að tryggja virka samkeppni og stuðla að uppbyggingu með því að greina og hafa eftirlit með því að hún sé til staðar á markaði.
4. Stuðla að uppbyggingu og þróun innviða fjarskipta.

## III. MARKMIÐ OG ÁHERSLUR

Meginmarkmið Póst- og fjarskiptastofnunar og innanríkisráðuneytisins er að Ísland verði ávallt í fremstu röð meðal OECD ríkja og með hagkvæma, örugga, aðgengilega og framsækna fjarskipta- og póstpjónustu.

Meginmarkmið eru eftirfarandi:

### Aðgengi og greiðleiki

- Uppbygging og endurnýjun ljósleiðarastofnnettsins innanlands taki mið af markmiðum stjórnvalda og þörfum notenda fyrir gagnaflutninga á hverjum tíma.
- 90% lögheimila og vinnustaða eigi kost á 30 Mb/s árið 2014, 100% árið 2022.
- 70% lögheimila og vinnustaða eigi kost á 100 Mb/s árið 2014, 99% árið 2022.

# SAMNINGUR INNANRÍKISRÁÐUNEYTISINS VIÐ PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN UM ÁRANGURSSTJÓRNUN

- 98% lögheimila og vinnustaða eigi kost á háhraðafarneti árið 2014, 99,9% árið 2022.
- 80% af landi og hafsvæði kringum landið eigi kost á háhraðafarneti árið 2018.
- Stuðla að sem jafnastri aðstöðu landsmanna til að nýta möguleika fjarskiptatækninnar.

## Hagkvæmni og skilvirkni

- Stuðla að áframhaldandi sjálfbærri samkeppni í fjarskiptum og uppbyggingu innviða fjarskipta á vegum markaðsaðila.
- Verð á fjarskiptaþjónustu sé sambærilegt við það sem best gerist í Evrópu að teknu tilliti til landfræðilegra aðstæðna.
- Að verð fjarskiptaþjónustu á Íslandi sé í lágsta fjórðungi innan OECD fyrir breiðband, heimilissíma, fyrirtækjasíma, farsíma eftirágreitt og farsíma fyrirframgreitt. Neytendur eigi eins og kostur er aðgengi að skýrum og samanburðarhæfum upplýsingum um fjarskiptaþjónustu.
  - Reiknivél PFS stuðli jafnan að sem raunhæfustum samanburði á verðum fjarskiptaþjónustu hérlendis.
- Vinna að framsetningu myndrænna upplýsingar um fjarskiptaþjónustu og fjarskiptakerfi sem þjónusta við notendur.
- Vinna að því að alþjónusta sé í boði á skilvirkan hátt fyrir þá sem þess óska í samræmi við gildandi regluverk.
- Við ráðstöfun tíðniheimilda verði stuðlað eins og kostur er að uppbyggingu farneta og aukinni útbreiðslu fjarskiptaþjónustu, sérstaklega utan þéttbýlis.
  - Við ráðstöfun tíðniheimilda fyrir farnet verði samfélagsleg sjónarmið um aðgengi allra landsmanna og gæði farnetsþjónustu höfð að leiðarljósi.
- Stuðla að hagkvæmri og skilvirkri pósthjónustu fyrir íslenska neytendur.
- Veita góða og hagkvæma þjónustu þ.m.t. hraðar og öruggar heimildarveitingar þannig að a.m.k 85% beiðna aðila á póst- og fjarskiptaþjónustumarkaði séu afgreidd innan þjónustuviðmiða Póst- og fjarskiptastofnunar.
  - Stofnunin mun gera grein fyrir mældum þjónustubáttum í ársskýrslu sinni og meta þjónustugæði.

## Öryggi og umhverfisvernd

- Regluverk á fjarskiptamarkaði efla öryggi fjarskipta og vernd neytenda.
- Rekstraröryggi fjarskiptaneta, þ.m.t. útlandatenginga, sé skilgreint og framfylgt með virku eftirliti.
- Stuðla að öryggi Netsins þannig að almenningur, atvinnulíf og stjórnsýsla geti sem best á það treyst í viðskiptum og daglegu lífi.
  - Póst- og fjarskiptastofnun starfræki netöryggisveit, CERT-ÍS, sem hafi það að markmiði að fyrirbyggja netárásir og lágmarka tjón á ómissandi upplýsingainnvíðum sem verða fyrir netárás.
- Stuðla að aukinni samnýtingu jarðframkvæmda.
- Stuðla að aukinni samnýtingu fyrirbyggjandi og nýrra fjarskiptakerfa þar sem ekki er talinn grundvöllur til samkeppni í fjarskiptum.
- Stuðla að umhverfisvænni póstdreifingu.

## Stjórnsýsla og þjónusta

- Að stjórnvaldsákvæðanir séu ávallt í samræmi við lög, reglur og vandaða stjórnsýsluhætti, rökstuðningur sé fullnægjandi fyrir þá aðila sem ákvörðun beinist að og tryggt sé samræmi í framkvæmd, m.a. að teknu tilliti til úrskurða úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

## SAMNINGUR INNANRÍKISRÁÐUNEYTISINS VIÐ PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN UM ÁRANGURSTJÓRNUN

- Þátttaka í alþjóðasamstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði fjarskipta- og póstmála. Vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld á sviði fjarskipta- og póstmála og hafa eftirlit með því að Ísland uppfylli á hverjum tíma þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum samningum á sviði fjarskipta- og póstmála.
- Veita umsagnir innan hæfilegs tíma um gerðir sem til stendur að innleiða í íslenska löggjöf vegna alþjóðlegra skuldbindinga.
- Halda utan um úrvinnslu og vistun tölulegra upplýsinga vegna reglubundinnar upplýsingagjafar til Alþingis sem og innlendra og alþjóðlegra eftirlitsaðila. Ennfremur leitast við að hrinda í framkvæmd athugasemdum eftirlitsaðila.
- Tryggja að vefsíða Póst- og fjarskiptastofnunar sé innihaldsrík, nýtsamleg, þjónustuvæn og aðgengileg.
  - Að vefsíðan fái að lágmarki 85 punkta af 100 mögulegum í könnun sem unnin er á vegum innanríkisráðuneytis annað hvert ár.
  - Að almenningur og fyrirtæki geti með auðveldum hætti komið sjónarmiðum sínum að í samráði um reglusetningu og ákvarðanatöku í gegnum vef stofnunarinnar.
- Stuðla að því að almenningur, fyrirtæki og hagsmunaaðilar hafi greiðan aðgang að opnum gögnum um fjarskiptamál.

### Mannauður og gæðamál

- Stuðla að því að störf innan stofnunarinnar henti jafnt konum sem körlum og stofnunin vinni að jöfnu hlutfalli kynjanna, þar með talið stjórnenda.
- Leitast við að flytja störf og verkefni út á landsbyggðina þar sem því verður við komið, þar með talið stoðþjónustu.
- Stofnunin verði í efsta fjórðungi (25%) stofnana í heildareinkunn í vinnustaðakönnun SFR.
- Tryggja reglubundna kynningu innan stofnunar á stöðu þessa samnings.
- Þróa gæðahandbók um starfsemi, vinnulag og verkferla stofnunarinnar um öll svið eftirlitsskyldrar starfsemi. Þróun gæðahandbókar verður stöðugt ferli með það að markmiði að starfsemi stofnunarinnar verði ávallt af skilgreindum gæðum hvað varðar skilvirkni, árangur og traust hagsmunaaðila og í samræmi við bestu stjórnsýsluvenjur.

## IV. GAGNKVÆMAR SKYLDUR OG ÁBYRGÐ SAMNINGSADILA

Á samningstímanum munu Póst- og fjarskiptastofnun og innanríkisráðuneytið hafa með sér eftirfarandi verklag:

### Póst- og fjarskiptastofnun mun:

- Í samræmi við áherslur og markmiðasetningu um árangursstjórnun leggja fram fjögurra ára starfs- og fjárhagsáætlun fyrir 15. mars 2014. Þar mun meðal annars koma fram hvernig stofnunin hyggst vinna að þeim markmiðum sem tilgreind eru í samningi þessum. Áætlun stofnunarinnar skal uppfærð þegar ný fjarskiptaáætlun tekur gildi eða eftir föngum séu henni falin aukin verkefni á gildistíma samningsins.
- Leggja fram ársáætlun eigi síðar en mánuði eftir að fjárlög hafa verði samþykkt á Alþingi, þar sem gerð er grein fyrir helstu fjárhagsstærðum, starfsmarkmiðum ársins og þeim árangursmarkmiðum sem stofnunin stefnir að á árinu.
- Gefa út ársskýrslu fyrir 1. júní ár hvert eða innan mánaðar frá því að samþykktur ársreikningur liggur fyrir, sem gefur greinargóða mynd af starfsemi stofnunarinnar fyrir

## SAMNINGUR INNANRÍKISRÁÐUNEYTISINS VIÐ PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN UM ÁRANGURSSTJÓRNUN

næst liðið ár. Í ársskýrslu komi m.a. fram helstu tölur um fjölda eftirlitsskyldra aðila í hverjum flokki, útgefnar heimildir, tölfræði í samræmi við mælikvarða fjarskiptaáætlunar og samnings þessa og þær upplýsingar aðrar sem telja má gagnlegar. Í ársskýrslunni eru einnig borin saman árangurstengd markmið úr ársáætlun þess árs.

- Haga rekstri sínum þannig að hann sé ávallt innan fjárheimilda, kostnaður vegna eftirlits og heimildarveitinga fari ekki fram úr greiðslum rekstraraðila fyrir þá vinnu og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

### Innanríkisráðuneytið mun:


- Fjalla um og staðfesta áætlanir stofnunarinnar, markmiðasetningar og mælikvarða sem fram koma sbr. reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr.1061/2004. Haldinn er fundur með stofnuninni ár hvert eftir að áætlanir hafa borist þar sem þær eru yfirfarnar og endurgjöf gefin innan eins til tveggja mánaða.
- Skýra frá afstöðu sinni til árangursmats sem fram kemur í ársskýrslu, innan tveggja mánaða frá því ársskýrslan er lögð fram. Haldinn er fundur með stofnuninni ár hvert eftir að ársskýrsla hefur borist þar sem yfirfarinn er árangur og niðurstöður áætlana.
- Mun halda samráðsfundi með Póst- og fjarskiptastofnun a.m.k. þrisvar á ári um helstu fagsvið stofnunarinnar. Á þessum fundum verði farið yfir stöðu faglegra verkefna og fyrirhuguð verkefni.
- Skila fjárlagatillögum til fjármálaráðuneytis og annast samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar. Við tillögugerðina mun ráðuneytið beita sér fyrir því að fjárveitingar verði í samræmi við áherslur og markmið í samningi þessum.
- Telji stofnunin ekki nægar fjárveitingar til verkefna stofnunarinnar sem af þessum samningi leiða, skal stofnunin leggja fyrir ráðuneytið rökstudda tillögu að forgangs röðun og eftir atvikum seinkun eða niðurfellingu verkefna. Ráðuneytið skal veita endurgjöf eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að slík tillaga liggur fyrir.
- Tilnefna tengilið/umsjónarmann þessa samnings gagnvart stofnuninni.
- Vekja athygli stofnunarinnar á laga- og reglugerðarbreytingum er varða starfssvið hennar og kunna að hafa áhrif á framkvæmd þeirra verkefna sem samningurinn nær til.

### V. GILDISTÍMI

Samningurinn tekur gildi við undirskrift. Gildistími hans er fjögur ár. Hvor aðili fyrir sig getur óskað eftir endurskoðun samningsins innan þess tíma. Vinna við endurskoðun samningsins skal hafin a.m.k. þremur mánuðum áður en samningstímanum lýkur.

Reykjavík, 7. nóvember 2013

  
Hanna Birna Kristjánsdóttir  
innanríkisráðherra

  
Hrafnkell V. Gíslason  
forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar

